

Frumvarp til laga

um veitingu ríkisborgararéttar.

Frá allsherjar- og menntamálanefnd.

1. gr.

Ríkisborgararétt skulu öðlast:

1. Anna Andriyash, f. 1968 í Mongólíu.
2. Ekaterina Bondareva, f. 1996 í Rússlandi.
3. Movaffaq Kateb Kateshamshir, f. 1985 í Íran.
4. Sahar Safarianbana, f. 1987 í Íran.
5. Sebastiaan Dreyer, f. 2003 í Suður-Afríku.
6. Zeqir Kastrati, f. 1975 í Kósovó.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Allsherjar- og menntamálanefnd bærust 75 umsóknir um ríkisborgararétt á vorþingi og í þinghléi 152. löggjafarþings. Samkvæmt 6. gr. laga um íslenskan ríkisborgararétt, nr. 100/1952, veitir Alþingi ríkisborgararétt með lögum að fengnum umsögnum Útlendingastofnunar og lögreglustjóra á dvalarstað umsækjanda. Allsherjar- og menntamálanefnd bærust einungis gögn vegna 30 umsókna á vorþingi og lagði nefndin þá til að tólf yrði veittur ríkisborgararéttur, sbr. lög nr. 60/2022, um veitingu ríkisborgararéttar. Var því nauðsynlegt að fresta afgreiðslu hluta umsókna fram á haust þar til gögn höfðu borist og leggur nefndin til að umsækjendum á sex umsóknum verði veittur ríkisborgararéttur að þessu sinni.